

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags	31.03.2015
Málalykill	9
Mál nr.	1412/47



Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Reykjavík, 27. mars 2015
Tilvísun: 2014120019
ME/

Efni: Arnarnesvegur milli Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegar, umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til lagningar á nýjum Arnarnesvegi milli Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegar. Í þessu útboðsverki er boðin út gerð norður akbraut Arnarnesvegar á vegkaflanum og verður vegurinn því 2ja akreina vegur fyrst um sinn. Gatnamót Arnarnesvegar við Gláðheimaveg/Hnoðraholtssveg og við Þorrasali verða byggð sem hringtorg. Gatnamótin við Lindarveg verða einungis hægribeygju gatnamót. Til framkvæmdarinnar teljast einnig gerð undirgangna undir Arnarnesveg við Reykjanesbraut og við hringtorg við Þorrasali.


Meðfylgjandi er yfirlitsmynd sem sýnir legu vegarins.

Verið er að leggja lokahönd á hönnunar- og útboðsgögn, sem unnin hafa verið í samstarfi við fulltrúa Kópavogsbæjar og Garðabæjar. Legu vegarins og hæðarsetningu hefur verið breytt lítillega frá fyrri áformum og fylgja nú þeim skipulagsáætlunum sem samþykktar hafa verið og staðfestar af Garðabæ og Kópavogsbæ.

Fallist hafði verið á verkið við mat á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist síðar á þessu ári og verklok verði á árinu 2016.

Virðingarfyllt,


Rögnvaldur Gunnarsson
Forstöðumaður

Meðfylgjandi er 1 yfirlitstekning dags. 06.02.2015